

Starfsendurhæfing Norðurlands

Ársreikningur 2021

Starfsendurhæfing Norðurlands
Glerárgötu 36
600 Akureyri

Kt. 410306-0850

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá.

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að veita einstaklingum starfsendurhæfingu sem hafa verið utan atvinnubátttöku í einhvern tíma, til að mynda vegna veikinda, slysa eða félagslegra aðstæðna.

Rekstur ársins 2021 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur stofnunarinnar námu 91.064 þús. kr. á árinu 2021 og lækkuðu um 3.473 þús. kr. milli ára eða um 3,7%. Rekstrarniðurstaða stofnunarinnar á árinu 2021 nam 13.143 þús. kr. (2020: 15.000 þús. kr.).

Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 32.185 þús. kr. (2020: 19.043 þús. kr.) að meðtöldum stofnfé að fjárhæð 1.000 þús. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hafði lítil áhrif á rekstur stofnunarinnar á árinu. Það er mat stjórnenda stofnunarinnar að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Norðurlands staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Akureyri, 2022.

Í stjórn stofnunarinnar:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsendurhæfingar Norðurlands.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsendurhæfingar Norðurlands („stofnunin“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2021

		2021	2020
Rekstrartekjur			
Tekjur af rekstri		91.064.090	94.537.188
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	56.279.478	61.112.212
Rekstur fasteignar		10.216.364	9.982.103
Annar rekstrarkostnaður		11.408.315	8.503.342
		<u>77.904.157</u>	<u>79.597.657</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		13.159.933	14.939.531
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		72.071	10.479
Vaxtagjöld		(53.413)	(37.513)
Gengismunur		(35.883)	87.723
		<u>(17.225)</u>	<u>60.689</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u>13.142.708</u>	<u>15.000.220</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	2021	2020
Eignir		
Aðrar skammtímakröfur	9.582.401	7.273.571
Handbært fé	29.106.167	21.482.280
Veltufjármunir	<u>38.688.568</u>	<u>28.755.851</u>
Eignir samtals	<u><u>38.688.568</u></u>	<u><u>28.755.851</u></u>
Eigið fé		
Stofnfé	1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé	31.185.461	18.042.753
Eigið fé 4	<u>32.185.461</u>	<u>19.042.753</u>
Skuldir		
Viðskiptaskuldir	504.745	574.041
Aðrar skammtímaskuldir	5.998.362	9.139.057
Skuldir	<u>6.503.107</u>	<u>9.713.098</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>38.688.568</u></u>	<u><u>28.755.851</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	4	13.142.708	15.000.220
Veltufé frá rekstri		<u>13.142.708</u>	<u>15.000.220</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(2.308.830)	3.592.552
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(3.209.991)	477.120
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(<u>5.518.821)</u>	<u>4.069.672</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>7.623.887</u>	<u>19.069.892</u>
Hækkun á handbæru fé		7.623.887	19.069.892
Handbært fé í ársbyrjun		<u>21.482.280</u>	<u>2.412.388</u>
Handbært fé í árslok		<u>29.106.167</u>	<u>21.482.280</u>

Skýringar

1. Félagið

Starfsendurhæfing Norðurlands („Stofnunin“) er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar að Glerárgötu 36, Akureyri. Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að veita einstaklingum sem hafa verið utan atvinnuþátttöku í einhvern tíma, til að mynda vegna veikinda, slysa eða félagslegra aðstæðna starfsendurhæfingu.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu.

c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	45.820.291	45.448.331
Launatengd gjöld	12.431.957	12.215.612
Áfallið orlof, breyting	(1.972.770)	3.448.269
Laun og launatengd gjöld samtals	56.279.478	61.112.212
Fjöldi ársverka á árinu	5,7	5,6

Laun framkvæmdastjóra félagsins námu 10.957 þús. kr. á árinu 2021 en þau námu 10.861 þús. kr. á árinu 2020. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarstarfa að ræða.

4. Eigið fé

Stofnfé félagsins nemur 1.000 þús. kr. í árslok 2021.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnframlög	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	1.000.000	3.042.533	4.042.533
Rekstrarniðurstaða ársins	0	15.000.220	15.000.220
Eigið fé 31.12.2020	1.000.000	18.042.753	19.042.753
Rekstrarniðurstaða ársins	0	13.142.708	13.142.708
Eigið fé 31.12.2021	1.000.000	31.185.461	32.185.461

5. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.

Sundurliðanir

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld		
Laun	45.820.291	45.448.331
Lífeyrissjóðsframlag	6.989.162	6.862.159
Sjúkra- og orlofssjóðir	1.441.123	1.472.324
Endurhæfingarsjóður	45.818	45.432
Tryggingagjald	3.221.578	3.329.531
Tryggingar starfsfólks	186.163	176.953
Áfallið orlof, breyting	(1.972.770)	3.448.269
Annar starfsmannakostnaður	548.113	329.213
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>56.279.478</u>	<u>61.112.212</u>
Rekstur fasteignar		
Húsaleiga	7.960.600	7.635.721
Þátttaka í rekstri húsnæðis	2.255.764	2.346.382
Rekstur fasteigna samtals	<u>10.216.364</u>	<u>9.982.103</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Flutningskostnaður	24.307	0
Aðkeypt þjónusta	5.125.656	2.302.421
Aðkeypt sálfræðiþjónusta	808.000	147.000
Ferða- og fundarkostnaður	280.950	245.676
Félags og aðildargjöld	150.000	150.000
Bifreiðastyrkur	3.420	122.877
Sími, internet og burðargjöld	1.372.661	1.549.694
Prentun og ritföng	1.053.858	857.296
Annar skrifstofukostnaður	0	31.920
Gjaldfærð áhöld og tæki	119.104	610.904
Húsbúnaður	53.230	68.635
Bókhald og reikningsskil	2.060.588	1.943.309
Auglýsingar	0	173.228
Tölvukostnaður	232.303	218.737
Gjafir og styrkir	3.290	24.680
Kennslugögn	60.760	0
Þjónustugjöld	60.188	56.965
Rekstrarkostnaður samtals	<u>11.408.315</u>	<u>8.503.342</u>